

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur og lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótarráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins skulu gilda hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2020 og 133/2020 frá 25. september 2020:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108 frá 7. maí 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða fyrir útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, ásamt reglum um hlutverk þeirra. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 12. nóvember 2020, bls. 1-5.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/758 frá 31. janúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótarráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 12. nóvember 2020, bls. 6-12.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 27. nóvember 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.